



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 4. september 2025

MSS25080058

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölda barna með leikskólavist innan búsetuhverfis

Á fundi borgarráðs, 21. ágúst 2025, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska þess að tekið verði saman yfirlit yfir fjölda barna sem fengið hefur úthlutað leikskólaplássi innan búsetuhverfis, og fjölda barna sem ekki hefur leikskólagönguna þetta haustið innan búsetuhverfis.

Svar:

Leikskólahverfi eru ekki skilgreind á sama hátt og skólahverfi. Margir leikskólar liggja á mörkum skilgreindra hverfa og foreldrar geta sótt um hvaða leikskóla sem er, óháð lögheimili. Þónokkrir leikskólar eru á mörkum hverfa og meira að segja dæmi um að leikskóli með tvo starfsstaði sé með sitt hvort póstnúmerið.

Það getur gefið ranga mynd að gera greiningu á því hvort foreldrar hafi fengið leikskólapláss í sínu hverfi. Það eru ýmsar ástæður fyrir því. Foreldrar sækja ekki endilega um leikskóla í fyrsta vali sem er í því hverfi sem barnið er búsett en reynt er að bjóða börnum þann leikskóla sem settur var í fyrsta eða annað val. Fjölskyldan gæti verið að flytja og sækir þá um leikskóla í því hverfi sem stendur til að flytja í eða að foreldrar vilja hafa barn í leikskóla nær vinnustað foreldra frekar en í því hverfi sem þau búa. Þá eru til að mynda þónokkur börn með virka umsókn með lögheimili utan Reykjavíkur en eru að fara að flytjast til borgarinnar. Ekki er gerð krafa um að lögheimili sé í Reykjavík þegar sótt er um heldur aðeins þegar barnið hefur vistun. Ávallt er reynt eftir fremsta megni að bjóða sem flestum börnum leikskóla sem eru í fyrsta eða öðru vali í umsókn um leikskóla.

Með vísan til þess sem hér er framtalið gefur svar um hlutfall barna sem fengu úthlutaðu plássi sem foreldrar höfðu sett í fyrsta og annað val réttari mynd af því hvort tekist hafi að mæta óskum foreldra.

Af þeim sem voru með virka umsókn 3. mars 2025 og voru í stóru innrituninni sem stóð fram til 15. apríl fengu um 71% barnanna úthlutað fyrsta vali, um 13% öðru vali og 6% þriðja vali. Samtals fengu því 84% sitt fyrsta eða annað val.

Nánari greining á lögheimili barna og hvar þau sækja leikskóla eru framkvæmdar reglulega, sérstaklega í tengslum við spár og greiningu á uppbyggingarþörf en er ekki á dagskrá alveg á næstunni.



Reykjavík